

**Sp.**

**534. Tillaga til þingsályktunar**

[271. mál]

um breytta tekju- og verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til eflingar héraðs-  
stjórnnum.

Flm.: Steinþór Gestsson, Jón Árnason, Bjartmar Guðmundsson, Matthias Bjarnason,  
Pálmi Jónsson, Oddur Andrésson, Jónas Pétursson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til þess að  
gera tillögur um breytta tekju- og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga,  
með það fyrir augum að auka hlut héraðsstjórna í stjórn opinberra mála og ábyrgð  
á þjónustu, framkvæmdum og fjármögnun til þeirra.

Nefndin athugi og hvort rétt sé:

1. að ætla landshlutasamtökum sveitarfélaga eða héraðsstjórnnum öðrum að hafa  
forgöngu um gerð landshlutaáætlana;
2. að fela þeim ráðstöfun á fjárveitingum, sem hvert svæði varða, þannig, að þau  
standi fyrir tilteknum ríkisframkvæmdum í eigin umdæmum.

Um þessar athuganir hafi nefndin samráð við stjórn Sambands íslenskra sveit-  
arfélaga og stjórn Atvinnuöfnunarsjóðs.

Nefndin skili tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 1. júlí 1972.  
Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Menn hafa rætt það mjög hin síðari ár, að það, sem helzt stæði í vegi fyrir  
eðlilegri byggðapróun á Íslandi, væri smæð hinna ýmsu sveitarfélaga og getuleysi  
þeirra af þeim sökum til þess að sinna þörfum fólksins í strjálbýlum sveitarfélög-  
um. Vafalaust má segja, að þeir, sem þessa skoðun hafa, hafi nokkuð til sins máls,  
en líklegt er, að erfiðleikar heilbrigðrar byggðapróunar eigi dýpri rætur, sem  
nauðsynlegt verði að grafa fyrir, ef leysa á þann vanda, sem við er að etja, svo að  
hinni hægfara byggðapróun verði snúð í hraðfara sókn.

Flm. þessarar till. eru þeirrar skoðunar, að ekki sé unnt, nema á takmörkuðum  
svæðum, að styrkja stöðu strjálbýlla landssvæða með því að stækka sveitarfélögin  
sjálf. Hins vegar telja þeir rétt að rannsaka það rækilega, hvort ekki sé tímabært  
að efla samstarf sveitarfélaganna og fá samtökum þeirra fleiri verkefni og stærri,  
— verkefni, sem ríkinu hefur áður verið ætlað að annast að hluta eða öllu leyti.  
Í því efni mætti benda á kostnað við gerð skólamanntvirkja, t. d. á skyldunámsstigi,  
og ýmsa aðra þætti verklegra framkvæmda, sem vænta mætti að gengi hraðar að  
koma fram og jafnvel með ábyrgari og ódýrari hætti, ef einn framkvæmdaaðili  
ætti um það að fjalla í stað tveggja, sem nú mega taka ákvörðun og vera sammála  
um, að í framkvæmdina skuli ráðizt. Um leið og slík breyting verður gerð, þarf  
að skipta tekjustofnum í samræmi við þau verkefni, er féllu í hlut hvors aðila  
fyrir sig.

Í lögum um Atvinnuöfnunarsjóð er gert ráð fyrir því, að stjórn hans láti gera  
áætlanir um framkvæmdir í einstökum landshlutum og byggðarlögum, sem „séu  
til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að  
hjörgulegar byggðir og byggðarhlutar fari í eyði“, eins og í lögnum segir. Stjórn  
sjóðsins hefur látið vinna þau rannsóknarstörf heima í héraði, sem gera þarf til  
undirbúnings framkvæmdaáætlunum byggðarlaganna, og virðist það gefa góða raun.  
Það er skoðun flm., að lengra megi ganga á þessari braut, og þeir gera því ráð fyrir,  
að nefndin kanni, hversu stór þau sambönd sveitarstjórna þyrftu að vera, sem það  
mikilvæga verkefni hefðu með höndum að vinna að gerð landshlutaáætlana, að  
sjálfsögðu í tengslum og samvinnu við stjórn Atvinnuöfnunarsjóðs og Efnahags-

stofnunina. Um leið þykir rétt, að það sé kannað, hvort ekki megi til hagræðis og þæginda fyrir almenning fela slíkum samböndum verkefni á vegum ríkisvaldsins, eins konar umsjónar- eða umboðsstörf, sem einnig gætu þá orðið samböndum sveitarfélaganna til styrktar í starfi.

Þær athuganir, sem tillagan gerir ráð fyrir að nefndin geri, eru svo nátengdar verkefnum og starfsemi Sambands isl. sveitarfélaga og Atvinnuöfnunarsjóðs, að nauðsynlegt er, að hún hafi nána samvinnu við stjórnir þessara stofnana um úrlausn þeirra málaflokka, sem hér ræðir um, og tillögugerð til lausnar þeim vanda, sem heilbrigð þróun byggðar hefur lengst af átt við að etja.

Að dómi flm. eru þessar athuganir næsta eðlilegar og nauðsynlegar til þess að herða á og efla þau hagstæðu áhrif, sem starfsemi Atvinnuöfnunarsjóðs hefur haft á þróun byggðar í landinu þann skamma tíma, sem hann hefur starfað. Þau áhrif þarf að auka, og jafnframt er líklegt, að styrkja megi starfsemi sveitarfélaganna og landshlutasamtaka þeirra, svo að jafnvægis gæti milli byggðasvæða eða landshluta fremur en orðið er.